

Þjóðlendumál: eyjar og sker

Til : Óbyggðanefnd <postur@obyggdaneftnd.is>
Frá : Óbyggðanefnd <postur@obyggdaneftnd.is>
Heiti : Þjóðlendumál: eyjar og sker
Málsnúmer : 2024020063
Málsaðili : Óbyggðanefnd
Skráð dags : 10.10.2024 16:17:29
Höfundur : Óbyggðanefnd <postur@obyggdaneftnd.is>

Þjóðlendumál: eyjar og sker

Tilkynning þessi er send fjölmiðlum, sveitarfélögum sem liggja að sjó og lögmönnum o.fl. sem hafa haft samband við óbyggðanefnd vegna málsmeðferðarinnar

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd íslenska ríkisins afhent óbyggðanefnd endurskoðaðar þjóðlendukröfur vegna eyja og skerja umhverfis landið. Kröfulýsingarnar og upplýsingar um málsmeðferðina er að finna á [vefsíðu óbyggðanefndar](#). Þar er m.a. að finna [samantekt lögmanna ríkisins](#) um endurskoðunina.

Einnig hefur verið sett upp [kortasjá](#) um kröfurnar. Í henni er grá þekja yfir svæðum sem eru undanskilin kröfugerð ríkisins en blár borði er utan um eyjar og sker sem kröfur ríkisins taka til. Kortasjái byggist m.a. á bestu fyrirliggjandi upplýsingum um fjörumörk en í kröfugerð ríkisins er gerður fyrirvari um að ekki sé útilokað að stórstraumsfjara nái lengra og að viðbótarupplýsingar þar að lútandi kunni að hafa áhrif á afmörkun, sbr. nánari upplýsingar á [vefsíðu óbyggðanefndar](#).

Óbyggðanefnd kallar eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta og hefur nú framlengt kröfulýsingarfrest þeirra til 13. janúar 2025.

Forsaga málsins og framhald málsmeðferðar

Upphaflega lýsti fjármála- og efnahagsráðherra þjóðlendukröfum vegna eyja og skerja í febrúar 2024 og landeigendum var þá veittur frestur til að lýsa gagnkröfum. Í apríl tilkynnti ráðherra óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið að taka kröfugerð ríkisins til endurskoðunar. Óbyggðanefnd hefur síðan þá framlengt kröfulýsingarfrest landeigenda nokkrum sinnum, m.a. í því skyni að tryggja landeigendum nægan tíma að því loknu til að bregðast við endurskoðuðum kröfum ríkisins og eftir atvikum lýsa gagnkröfum. Sá frestur hefur nú verið framlengdur enn frekar, þ.e. til 13. janúar 2025.

Rannsókn óbyggðanefnd á málunum er hafin en hún felur m.a. í sér umfangsmikla og kerfisbundna gagnaöflun í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands. Leiði rannsókn nefndarinnar í ljós að einhver kunni að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu innan fyrrgreinds frests verður viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga.

Eftir að gagnaöflun lýkur og framkomin gögn hafa verið rannsökuð til hlítar úrskurðar óbyggðanefnd um kröfur málsaðila. Ef svæði sem ríkið hefur gert þjóðlendukröfur til reynast samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar vera eignarlönd er kröfum ríkisins þar hafnað. Svæði sem reynast utan eignarlöndu eru hins vegar úrskurðuð þjóðlendur. Ef óbein eignarréttindi reynast til staðar innan þjóðlendna er jafnframt úrskurðað um þau.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð eru á [vefsíðu óbyggðanefndar](#):

- Almennar upplýsingar um málsmeðferð: <https://obyggdaneftnd.is/malsmedferd/>
- Upplýsingar um svæði sem eru til meðferðar hverju sinni og ýmislegt sem varðar málsmeðferð þar:

https://obyggdanevnd.is/til_medferdar/

Frekari upplýsingar

[Frekari upplýsingar veita Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri Óbyggðanevndar, og Erna Erlingsdóttir skrifstofustjóri:](#)

- postur@obyggdanevnd.is
- sími: 563 7000

Erna Erlingsdóttir, skrifstofustjóri
Óbyggðanevnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík
Sími: 563 7000
[obyggdanevnd.is](#) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)